



Eitt og annað varðandi ÓRÓA og álfheima

Sumarsólstöðuhátíð - venjur huldufólks

21. júní - Hátíðarkvöldverður allra í álfheimum. Skreytt með blómum og hljómsveit spilar.

Fólkið dansar dáleiðsludans og fer síðan út úr álfheimum og horfir á sólina koma upp.

22. júní – Hátíð að kvöldi hjá huldufólkinu. Allir heima hjá sér eða fjölskyldur saman.

23. júní – Að kvöldi er farið út til að tína jurtir og leitað að töfrasteinum. Margir baða sig í vatninu þegar huldan hefur blessað dalinn.

24. júní (Jónsmessa) – Morgunbað í dögginni. Kvenfólk fer á stað sem nefnist Fljóð en karlmenn á stað sem nefndur er Gumar. Huldan blessar fólk og dalinn.

Veisla er haldin að kvöldi. Allir í álfheimum koma saman og sýning haldin í Dropadýrð.

25. júní Lokadagur hátíðar. Allir njóta þess að vera með fjölskyldum sínum.

Opna gáttin milli mannheima og álfheima lokast eftir 25. júní.

Ættartré konungsfjölskyldunnar

Hrafnkluikka Brjánn og Sýlvía (tvíburar) – Kormákur (ungabarn)

Goði + Björt Lóa + Steinn

Kalli + Söldís - Drífa + Kormákur (fallin frá)

Trúarbrögð, siðir og venjur í álfheimum

Öll trúarbrögð eru leyfð í álfheimum. Margir eru kristnir og Fjallskirkja var aðal kirkja kristinna álfa þangað til draugar tóku hana yfir.

Margir trúa á náttúruna. Huldan er trúarleiðtogi álfa og heilög. Hún sér um helgiathafnir og er einnig einskonar töfralæknir.

Mikil trú er á náttúrusteina og jurtir, bæði til lækninga og galdra.

Heilagur dans – dáleiðsludans, ætlaður til slökunar og til að vera í núvitund.

Matur:

Sérkennilegur matur sem við þekkjum ekki fyrirfinnst í álfheimum í bland við gamaldags íslenskan mat sem er kunnuglegri.

Dæmi um mat í álfheimum: Skrítnir kuðungar, graskássa, bláar bollur og hlaupeningar með jurtabragði.

Lífsstíll:

Huldufólk vill halda í fábrotinn lífsstíll. Það er nægjusamt og er ekki endilega að taka tæknina í sínar þarfir nema rétt það eina sem kemur því vel. Lífið í álfheimum er sjálfbært og vegna virðingar við náttúruna fer huldufólk að öllu með gát sem gæti mengað eða spilt.

Stjórn:

Það er konungsveldi í álfheimum. Drífa drottning ríkir yfir og er æðst eftir að Kormákur álfakonungur féll frá. Lóa dóttir Drífu ætti að erfa konungsríkið næst og síðan annað hvort Brjann eða Sýlvía.

Náttúran:

Í bókinni koma fyrir alls konar fuglar; hrafn, lóa, spói, rjúpa, stelkur, jaðrakan, dúfa, ugla, tjaldur.

Blóm og jurtir; ljónslappi, krækiberjalyng, mariustakkur, holtasóley, engjarós, sóley.

Töfrajurtir; lásagras (sumir tala um tungljurt).

Brönugras:

